



Reykjavík, 12. apríl 2021

Efni: Fjármálaáætlun 2022 -2026

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) hafa tekið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2022 - 2026.

Sjávarútvegur hefur ekki farið varhluta af efnahagsáhrifum veirunnar og þau hafa þegar valdið fyrirtækjum erfiðleikum og skaða. Í dag eru allir markaðir fyrir sjávarfang einkar viðkvæmir og sveiflur miklar. Sala á sjávarfangi hefur eðli máls samkvæmt verið nokkuð mismunandi eftir dreifileiðum. Smásala hefur að einhverju leyti vaxið en heildsala til hótela-, veitingahúsa og annarra fyrirtækja dregist saman. Mörg mikilvæg viðskiptalönd hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum vegna faraldursins, til dæmis Frakkland og Bretland. Þessu fylgir óneitanlega breyting á afurðaverði, sölutregða, greiðslufrestun og birgðasöfnun. Vegna þess fyrirkomulags sem viðhaft er við stjórn fiskveiða á Íslandi, hafa sjávarútvegsfyrirtæki getað lagað sig að breyttum aðstæðum; í veiðum, vinnslu og sölu- og markaðsmálum. Ef ekki væri fyrir innbyggðan sveigjanleika sem er í kerfinu, hefði róðurinn orðið mun þyngri og erfiðari.

Í efnahagslegum niðursveiflum er enn þýðingarmeira að huga að grunnatvinnuvegum landsins. Slíkan grunnatvinnuveg má skýra með þeim hætti að aðrir atvinnuvegir eru háðir starfsemi hans en hann er á hinn bóginn ekki háður starfsemi þeirra í eins miklu mæli. Sjávarútvegur er einn af þessum grunnatvinnuvegum Íslands. Þess vegna telja samtökin alveg sérstaklega mikilvægt nú að efla og bæta verulega rannsóknir á lífríki sjávar og Hafrannsóknastofnun verði tryggt fullnægjandi fjármagn til nauðsynlegra rannsókna. Auk þess að vera forsenda sjálfbærrar nýtingar á fiskistofnum mynda hafrannsóknir nauðsynlegan grunn að upplýsingum og kynningu á sjávarútvegi á erlendum mörkuðum, sem tryggir samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar. Rétt að benda á að 98% af íslensku sjávarfangi eru seld á alþjóðlegum markaði þar sem samkeppni er hörð.

Öflugar rannsóknir eru forsenda þess að hægt sé að veita stjórnvöldum bestu vísindalegu ráðgjöf um sjálfbæra nýtingu á fiskistofnum. Einnig eru öflugar rannsóknir nauðsynlegar til að fylgjast með þeim breytingum sem eiga sér stað á íslenskum hafsvæðum og krefjast grunnrannsókna og aukinnar vöktunar, til dæmis breytingar á loðnustofninum. Að mati samtakanna þurfa stjórnvöld að gera hér bragarbót svo þessi markmið náist. Ekki verður séð að þetta fái stað í fjármálaáætlun 2022-2026.

Í fjármálaáætlun 2021-2025 segir eftirfarandi um sjávarútveg og fiskeldi:

„Gert er ráð fyrir að útgjaldarammi málefnasviðsins lækki um 907 milljónir króna frá fjárlögum 2020 til ársins 2025. Á tímabilinu er gert ráð fyrir hækkun vegna smíði nýs hafrannsóknarskips og kemur sú hækkun fram á árunum 2021 og 2022. Þá lækkar málefnasviðið um 400 m.kr. sem skýrist af því að verið er að færa fjármuni sem falla undir matvælarannsóknir (samningur við Matís) yfir á málefnasvið 12 Landbúnaður en þar verður til nýr liður þar sem matvælaöryggi, tilvísunarannsóknarstofur og aðgerðir vegna sýklalyfjaónæmis verður komið fyrir á einum stað.“

Í nýrri fjármálaáætlun 2022-2026 kemur eftirgreint fram:

„Útgjaldaáætlunin byggist alfarið á stefnumörkun gildandi fjármálaáætlunar og fjárlögum 2021 og hefur einungis verið uppfærð vegna veigameiri breytinga sem leiða af uppfærðri þjóðhagsspa og í einstaka tilvikum breytingum Alþingis við 3. umræðu fjárlaga sem ekki hafði verið tekið tillit til í gildandi áætlun.“

Það er rétt að taka undir að gæta skal aðhalds í útgjöldum úr sameiginlegum sjóðum. En í tilfalli Hafrannsóknastofnunar skal á það bent, að vandaðar rannsóknir eru forsenda þess að auðlindin í hafinu verði nýtt á ábyrgan og sjálfbæran hátt. Útgjöld til hafrannsókna geta því skilað margföldum ávinningi.

Samtökin hafa ítrekað lýst þungum áhyggjum af fjárskorti til rannsókna á lífríki sjávar. Miðað við þarfir sjávarútvegsins má segja að starfsemi Hafrannsóknastofnunar sé komin í öngstræti. Hafa ber í huga að nýting sjávarauðlinda og tækifæri til sölu afurða á bestu útflutningsmörkuðum gera miklar kröfur til hafrannsókna og vísinda í heimi nútímans. Viðvarandi fjárskortur og mannekla hefur, það sem af er þessari öld, leitt til samfellds samdráttar í rannsóknum á sviði vistfræði og haffræði og skyldra greina, en vöktun á nytjastofnum hefur eðlilega haft forgang að fjármunum.

Engu að síður er það svo, að verulega vantar einnig upp á að vöktun á nytjastofnum sé sinnt sem skyldi. Þá hafa rannsóknir á nýtingu fjölmargra minni fiskistofna ekki verið stundaðar með ásættanlegum hætti. Þetta er auðvitað óásættanlegt. Hér er nauðsynlegt og löngu tímabært að gerðar verði ráðstafanir með myndarlegri eflingu hafrannsókna.

Á sama tímabili hafa umhverfisaðstæður á Íslandsmiðum breyst með þeim hætti að streymi hlýsjávar kringum landið hefur þyngst hlutfallslega og nú teygir hlýsjávarsvæðið sig langt norður og vestur fyrir landið þar sem áður var kaldari sjór. Þessi breyting hefur haft víðtækar afleiðingar fyrir lífríkið, t.d. á útbreiðslu loðnu, ýsu og fleiri tegunda til norðurs, auk þess sem þekkt sambönd, sem áður höfðu verið metin, þarfnast nú endurmats við breyttar aðstæður. Á sama tíma hafa stórir nytjastofnar uppsjávarfiska gengið inn á Íslandsmið; sild, kolmunnur og makrill. Þessar aðstæður auka þörf á verulega auknum rannsóknum af ýmsum ástæðum, bæði tengdum samningum um hlut Íslands úr viðkomandi stofnum og þörfum vegna stofnmats og rannsókna á áhrifum þessara fiska á fæðuvefinn og vistkerfin á svæðinu – sem aftur gerir auknar kröfur um dýrt úthald rannsóknarskipa. Sömu sjónarmið eiga við um loðnurannsóknir og loðnumælingar alveg sérstaklega, eins og glögglega hefur

komið í ljós á undanförunum árum, og aldrei skýrar en 2019-2021 þegar loðnuútgerðir stóðu sjálfar að og kostuðu að verulegu leiti loðnuleit og loðnumælingu í samstarfi við Hafrannsóknastofnun.

Það að útgjaldarammi málefnasviðsins lækki má ekki leiða til þess að tilteknir fjármunir, sem ætlaðir eru í ákveðnar rannsóknir (kortlagningu hafsbotsins, loðnurannsóknir og rannsóknir á atferli humars), verði notaðir í önnur verkefni.

Til viðbótar má nefna alþjóðlegar kröfur almennt um varúðarleið við stjórn fiskveiða og vistkerfisnálgun við stjórn fiskveiða. Á báðum þessum sviðum vantar talsvert upp á að brýnni rannsókn- og kynningarþörf sé mætt. Hér má nefna sérstaklega afmörkun verndarsvæða, auk mats á stofnstærðum sjófugla og sjávarspendýra og áhrifum meðafla við fiskveiðar á slíka stofna.

SFS gera jafnframt athugasemd við það fyrirkomulag sem viðhaft er við fjármögnun á svokölluðu marsralli, haustralli og netaralli, þar sem greitt er fyrir rannsóknir með aflaheimildum. Framhjatáka af þessu tagi er óeðlileg og skaðleg á ýmsa lund og felur í sér sóun og freistnivanda fyrir ríkisvaldið. Fjármögnun vöktunarrannsókna á ekki að vera með öðrum hætti en við á um aðrar rannsóknir.

Þessu til viðbótar má nefna mikil tækifæri til verðmætasköpunar felast í fiskeldi. Í fjármálaáætlun fyrir árið 2022-2026 kemur eftirfarandi fram að:

„Mikill vöxtur í fiskeldi er til marks um þetta. Útflutningur á eldislaxi hefur tífaldast frá árinu 2015 og nam útflutningsverðmætið 23 ma.kr. árið 2020, eða sem nemur u.þ.b. heilli loðnuvertíð. Horfur eru á áframhaldandi vexti fiskeldis næstu árin, en ný lög um fiskeldi voru samþykkt á Alþingi árið 2019 sem eiga að stuðla að áframhaldandi vexti greinarinnar í sátt við umhverfi og samfélag.“

Í slíkum vexti er eðli máls samkvæmt rétt að framlög til uppbyggingar stjórnsýslu og vöktunar séu aukin. Engu að síður verður ekki ráðið í fjármálaáætlun 2022-2026 með hvaða hætti fjárheimildirnar muni styrkja málaflokkinn, nema síður sé. Hér er er mikilvægt að stjórnvöld hugi að eflingu stjórnsýslu fiskeldis.

Er framangreindum athugasemdum SFS hér með komið á framfæri við fjárlaganefnd Alþingis.

SFS áskilja sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdir á síðar stigum.

Virðingarfyllst,

f.h. SFS


Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri